



Þema 7. bekkur 2024-2025

Samfélags og náttúrfraeðigreinar eru kenndar í þemum. Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyrja m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Undir samfélagsgreinar heyrja meðal annars námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina, en þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda.

Markmið kennslunnar í þema er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Þemu í 7. bekk eru Náttúrufræði, Trúarbrögðin okkar, Bókmenntaþema, Evrópa.

Kennsluaðferðir

Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir. Efnið er lesið, tekið til umræðu og unnið með það ýmist einstaklingslega eða í hópum (svara spurningum, skapandi verkefni og myndbönd, eða eftir því sem við á).

Námsefni og gögn

Náttúrulega 3, Trúarbrögðin okkar- Búddhatrú • Hindúatrú • Gyðingdómur • Kristin trú • Íslam. Sameiginlegir þættir trúarbragða, s.s. helgisagnir, siðfræði og helgiathafnir. Trúarbragðavefurinn: <https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html>, Ungfrú fótbolti og Evrópa lesbók og vinnubók.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og virkni og vinnusemi metin ásamt könnunum í námsefninu. Endurgjöf er regluleg og hefur skýran tilgang þannig að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar – Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir og Guðný Eygló Ólafsdóttir